



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um áhrif sameiningu leyfisbréfa kennara**

Á fundi borgarráðs, 9. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Árið 2019 voru leyfisbréf kennara sameinuð í eitt sem gildir þá um leik- og grunnskólastig. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hversu margar leikskólakennarar hafa síðan þá hætt að kenna í leikskólum og fært sig á yfir á grunnskólastigið.*

#### **Svar:**

Lög um menntun, hæfni og ráðningu, kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 öðluðust gildi 1. janúar 2020. Í lögnum er kveðið á um að gefa skuli út eitt leyfisbréf kennara en ekki aðgreint á milli skólastiga líkt og eldri lög kváðu á um. Af framangreindu leiddi að þeir sem fengið höfðu leyfisbréf í leik-, grunn- eða framhaldsskólakennara fyrir gildistöku laga nr. 95/2019 fengu kennsluréttindi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi með sérhæfingu á því skólastigi sem fyrri kennsluréttindi tóku til.

Af þeim starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem skráðir voru í Félag grunnskólakennara í apríl 2023, höfðu 45 þeirra verið í Félagi leikskólakennara árin 2019-2022, þar af voru þó sex ekki að störfum sem leikskólakennarar á þeim árum.

Af þeim starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem skráðir voru í Félag leikskólakennara í apríl 2023, höfðu 14 þeirra verið í Félagi grunnskólakennara á tímabilinu 2019-2022.